



Nr. 12/2024
3. september 2024

Halli á viðskiptajöfnuði 30,5 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2024 – hrein staða við útlönd jákvæð um 38,9% af VLF

Á öðrum ársfjórðungi 2024 var 30,5 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 3,3 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 36,6 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2023. Halli á vöruskiptajöfnuði var 89,5 ma.kr. en 67,2 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.¹ Frumpáttatekjur skiluðu 5,4 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 13,7 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2024 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

| | <u>2023/2</u> | <u>2023/3</u> | <u>2023/4</u> | <u>2024/1</u> | <u>2024/2</u> |
|------------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Viðskiptajöfnuður | 6,1 | 81,8 | -23,2 | -33,8 | -30,5 |
| Vöruskiptajöfnuður | -82,6 | -84,4 | -76,8 | -55,5 | -89,5 |
| Þjónustujöfnuður | 88,9 | 155,0 | 37,3 | 17,9 | 67,2 |
| Jöfnuður frumpáttatekna | 11,3 | 23,0 | 28,6 | 14,4 | 5,4 |
| Rekstrarframlög, nettó | -11,6 | -11,8 | -12,3 | -10,6 | -13,7 |
| Jöfnuður fjárframlaga | -0,9 | -0,7 | -1,4 | -0,8 | -1,4 |
| Fjármagnsjöfnuður | -30,9 | 48,4 | 68,8 | 11,1 | -39,9 |
| Bein fjárfesting | -3,5 | -130,4 | 96,6 | 10,8 | 18,4 |
| Verðbréf | 74,8 | 99,5 | 92,9 | -202,3 | 59,1 |
| Afleiður | -2,6 | -6,9 | -3,7 | -0,1 | 1,5 |
| Önnur fjárfesting | -73,1 | 92,5 | -120,9 | 82,9 | -97,6 |
| Gjaldeyrisforði | -26,4 | -6,3 | 4,0 | 119,8 | -21,4 |
| Skekkjur og vantalið, nettó | -36,1 | -32,7 | 93,4 | 45,7 | -8,0 |

¹ Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, <https://sedlabanki.is/hagtolum/talnaefni/>

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.705 ma.kr. eða 38,9% af vergri landsframleiðslu (VLF) og versnaði um 47 ma.kr. eða 1,1% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 6.173 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.468 ma.kr. Á fjórðungnum versnaði staðan um 40 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Erlendar eignir lækkuðu um 132 ma.kr. og skuldir um 92 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar hækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 19 ma.kr. og lækkuðu virði skulda um 6 ma.kr. og leiddu því til 24 ma.kr. betri hreinnar erlendar stöðu. Gengi krónunnar hækkaði um tæp 0,3% miðað við gengisskráningargvog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 2,2% milli fjórðunga en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði lækkaði um 3,3%.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

| | Staða í lok 2024/1 | Fjármagns- jöfnuður | Gengis- og verðbreyt- ingar | Aðrar breyt- ingar | Staða í lok 2024/2 |
|---------------------------------------|-----------------------|------------------------|-----------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Erlendar eignir, alls | 6.199 | -132 | 19 | 88 | 6.173 |
| Bein fjárfesting | 990 | -11 | -2 | 87 | 1.063 |
| Verðbréf | 3.521 | -1 | 28 | 0 | 3.548 |
| Afleiður* | 8 | 2 | -4 | 0 | 5 |
| Önnur fjárfesting | 767 | -100 | 1 | 1 | 669 |
| Gjaldeyrisforði | 912 | -21 | -3 | 0 | 888 |
| Erlendar skuldir, alls | 4.446 | -92 | -6 | 119 | 4.468 |
| Bein fjárfesting | 1.541 | -30 | 1 | 116 | 1.628 |
| Verðbréf | 1.602 | -60 | -5 | 0 | 1.537 |
| Afleiður* | 14 | 0 | -1 | 0 | 13 |
| Önnur fjárfesting | 1.290 | -3 | 0 | 3 | 1.290 |
| Hrein staða þjóðar- búsins | 1.753 | -40 | 24 | -32 | 1.705 |
| % af VLF | 39,9% | -0,9% | 0,6% | -0,7% | 38,9% |

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.